



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. október 2023

2310046SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um samgönguáætlun 2024-2038, 315. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 12. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarflega um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt aðgerðáætlun fyrir 2024-2028, 315. mál.

Heilt yfir tekur sambandið undir þá framtíðarsýn og þær áherslur sem tiltekna eru í áætluninni en leggur áherslu á eftirfarandi:


- Horft verði til áherslna heimafólks við forgangsröðun verkefna í einstökum landshlutum. Bæði landshlutasamtök og einstök sveitarfélög skila inn umsögnum við áætlunina og leggur sambandið mikla áherslu á að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem þar er að finna.
- Auknu fjármagni verði varið til vetrarþjónustu vega utan þéttbýlis með það að markmiði að aðlaga þjónustuna að þörfum samfélagsins og atvinnulífs. Trygg og góð vetrarþjónusta er ein af grunnforsendum þess að markmið áætlana ráðuneytisins, um að innviðir mæti þörfum samfélagsins og sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um allt land, verði náð.
- Efling almenningsamgangna um allt land er ein af áherslum í áætluninni. Bæði í fyrirliggjandi þingsályktun og nógildandi samgönguáætlun eru fjölmörg verkefni er snúa að almenningsamgöngum. Sambandið leggur mikla áherslu á að þau verkefni er lúta að því að bæta þjónustu í heildstæðu kerfi almenningsamganga um allt land verði sett í forgang.
- Sambandið óskar eftir að í kafla um aðgerðir tengdar umhverfislega sjálfbærum samgöngum verði bætt verkefni um endurskoðun viðmiða og leiðbeininga varðandi hjóla- og göngustíga með það að markmiði að stuðla að greiðari uppbyggingu.
- Loftbrúarverkefnið er mikilvægt verkefni sem ánægjulegt er að sjá að áfram verði stutt við. Sambandið óskar þó eftir að bætt verði við áætlunina verkefni um að gerð verði úttekt á kerfinu með það að markmiði að lagfæra framkomna vankanta og auka gæði þjónustunnar.

- Sambandið óskar eftir að bætt verði við áætlunina verkefni um gerð viðmiða um kostnaðarskiptingu framkvæmda, s.s. þegar um er að ræða nauðsynlegar mótvægisáðgerðir vegna umhverfis eða íbúa.

Að lokum ítrekar sambandið þá áskorun til Alþingis að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í umsögnum landshlutasamtaka og einstakra sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs